



Seðlabanki Íslands
b.t. Alþjóða- og markaðssviðs
Kalkofnsvegi 1
150 Reykjavík

R20040131
Reykjavík 20. apríl 2020

Efni: Fyrirspurn varðandi mat á hæfni skuldabréfaflokka Reykjavíkurborgar til tryggingar í viðskiptum við Seðlabanka Íslands.

Seðlabanki Íslands gaf út reglur um breytingu á reglum nr. 553/2009 um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands. Tilgangurinn var meðal annars sá að fjölga möguleikum fjármálafyrirtækja að leggja fram tryggingarhæfar eignir vegna viðskipta við Seðlabankann. Í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 497/2019 um breytingu á reglum nr. 553/2009 um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands, er kveðið á um að Seðlabankinn geti samþykkt skuldabréf hæf til tryggingar sem m.a. eru gefin út af Reykjavíkurborg.

Reykjavíkurborg sendi Seðlabanka Íslands fyrirspurn, dagsetta 4. júlí 2019, varðandi mat á hæfni skuldabréfaflokka Reykjavíkurborgar til tryggingar í viðskiptum við Seðlabanka Íslands og fékk svar frá Seðlabankanum, dagsett 19. júlí 2019, þar sem beiðninni var hafnað þar sem Seðlabankinn taldi ekki, eins og aðstæður voru þá, þörf á frekari fjölgun einstakra verðbréfa á veðlistanum.

Með tilvísun í yfirlýsingu fjármálastöðugleikanefndar frá 8. apríl sl. þar sem segir að nefndin telji rétt að sett verði á stofn sérstök og tímabundin lánaþingreiðsla í formi veðlána og að útvíkkað verði tímabundið hæfi veða sendir Reykjavíkurborg Seðlabanka Íslands nýja fyrirspurn varðandi mat á hæfni skuldabréfaflokka Reykjavíkurborgar í viðskiptum við Seðlabanka Íslands.

Reykjavíkurborg er þegar útgefandi skuldabréfaflokks sem metinn hefur verið hæfur til tryggingar í viðskiptum við Seðlabanka Íslands, RVK 53 1. Nú óskar Reykjavíkurborg eftir því að Seðlabanki Íslands taki til skoðunar að meta hvort tveir skuldabréfaflokkar Reykjavíkurborgar verði metnir sem hæfir til tryggingar í viðskiptum við Seðlabanka Íslands á grundvelli þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á reglum nr. 553/2009, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 497/2019.

Fyrri flokkurinn er óverðtryggður skuldabréfaflokkur, RVKN 35 1, með fasta flata vexti og með lokagjalddaga árið 2035. Reykjavíkurborg hefur gefið 10.770 mkr. út að nafnvirði í flokkinum og er markaðsvirði flokksins um 9.869 mkr. Flokkurinn er skráður á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og er Reykjavíkurborg með samning við fjóra aðila sem sinna viðskiptavakt flokksins.

Seinni flokkurinn er verðtryggður skuldabréfaflokkur, RVK 32 1, með fasta flata vexti og með lokagjalddaga árið 2032. Reykjavíkurborg hefur gefið út 5.780 mkr. út að nafnvirði í flokkinum og er markaðsvirði flokksins um 5.672 mkr. Flokkurinn er skráður á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og er Reykjavíkurborg með samning við fjóra aðila sem sinna viðskiptavakt flokksins.

Reykjavíkurborg óskar eftir að Seðlabanki Íslands upplýsi sem allra fyrst um hvort skuldabréfaflokkarnir RVKN 35 1 og RVK 32 1 verði metnir hæfir til tryggingar. Reykjavíkurborg telur að öll tilskilin skilyrði séu fyrir hendi, sbr. 1. – 2. tl. 3. mgr. 2. gr. til útgáfu ofangreindra skuldabréfaflokka og um tryggingahæfi þeirra.

f.h. Reykjavíkurborgar



Halldóra Káradóttir

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs